

## REIKNINGUR

### Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016.

#### Rekstrarreikningur árið 2016

<b>Tekjur</b>	<b>þús. kr.</b>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	439.992
Sala fasteigna .....	0
Húsaleiga .....	<u>10.183</u>
Tekjur alls	<u>450.175</u>
<b>Framlög</b>	
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga .....	<u>150.408</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	460
Annar rekstrarkostnaður .....	<u>5.730</u>
Rekstrarkostnaður samtals	<u>6.190</u>
Framlög og gjöld alls	<u>156.598</u>
Rekstrarhagnaður .....	293.577
Hreinar fjármunatekjur .....	<u>114.549</u>
Tekjuafgangur ársins .....	<u>408.126</u>

#### Efnahagsreikningur 31. desember 2016

<b>Eignir</b>	
<i>Fastafjármunir:</i>	
Skuldabréf .....	<u>2.153.011</u>
Fastafjármunir samtals	<u>2.153.011</u>
<i>Veltufjármunir:</i>	
Áfallnar vaxtatekjur .....	41.544
Aðrar skammtímakröfur .....	81.865
Næsta árs afborganir skuldabréfa .....	113.150
Bankareikningar .....	<u>957.427</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>1.193.986</u>
<b>Eignir alls</b>	<u>3.346.997</u>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	
<b>Eigið fé:</b>	
Höfuðstóll .....	<u>3.338.382</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>	
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	8.309
Aðrar skammtímaskuldir .....	<u>306</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>8.615</u>
Skuldir samtals	<u>8.615</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<u>3.346.997</u>

### Sjóðstreymi árið 2016

#### Rekstrarhreyfingar

*Veltufé frá rekstri:*

Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi .....	408.126
Verðbætur skuldabréfa .....	(33.342)
Veltufé frá rekstri	<u>374.784</u>

*Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:*

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun .....	(38.161)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun .....	(304)
	<u>(38.465)</u>

**Handbært fé frá rekstri** 336.319

#### Fjárfestingahreyfingar

Skuldabréf .....	0
Afborganir .....	<u>113.150</u>
Fjárfestingahreyfingar	<u>113.150</u>

Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....

449.469

Handbært fé í ársbyrjun .....

507.958

Handbært fé í árslok .....

957.427

### Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða.

Á árinu 2016 var tekjuafgangur sjóðsins 408,1 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 3.347,0 m.kr., skuldir 8,6 m.kr. og eigið fé 3.338,4 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður ráðgjafarnefndar sjóðsins staðfesta ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016 með áritun sinni.

*Reykjavík, 12. desember 2017.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson**  
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Lúðvík Geirsson,  
formaður ráðgjafarnefndar  
Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs  
sveitarfélaga.

## Áritun endurskoðenda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

### Álit.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu forstjóra (stjórnar), rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnenda sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2016, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

### Grundvöllur fyrir álit.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháðir Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Þeir eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Könnum hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Nr. 172/2018

Við upplýsum stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

*Ríkisendurskoðun, 12. desember 2017.*

**Sveinn Arason** ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson  
endurskoðandi.

—————  
B-deild – Útgáfud.: 15. febrúar 2018